

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna Haldinn 10. júní 2020 á Hilton Reykjavík Nordica

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2020 var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 10. júní 2020 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Ari Skúlason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og bauð fundargesti velkomna. Hinrik lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt með lófataki. Þá tilkynnti Hinrik að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og að löglega hafi verið staðið að upphaflegri fundarboðun þar sem boðað var til ársfundar dags. 29. apríl sl., en þeim fundi var frestað vegna samkomubanns og útbreiðslu COVID 19, og að löglega hafi verið staðið að fundarboðun þessa ársfundar dags. 10. júní. Hinrik bað fundargesti að gera athugasemdir teldu þeir ekki hafa verið boðað löglega til fundarins, enginn fundarmaður gerði athugasemd. Hinrik lýsti því yfir að fundarboðun væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að fundurinn væri þar með löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur fyrir árið 2019
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna

Á fundinum voru sýndar glærur og farið var yfir ársreikning 2019 á skjá fyrir fundarmönnum. Bæði glærurnar og ársreikningur 2019 eru aðgengileg á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2020“. Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act., fyrir báðar deildir sjóðsins miðuð við árslok 2019, er aðgengileg í ársreikningi 2019, á bls. 15 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 34 fyrir Aldursdeild.

Áður en gengið var til dagskrár lagði Hinrik fundarstjóri til breytingu á hefðbundinni dagskrá þannig að dagskrárliðurinn kosning stjórnarmanna yrði strax í kjölfarið á fyrsta dagskrárlið, skýrslu stjórnar. Hinrik bar tillöguna undir fundinn og var tillagan samþykkt samhljóða. Var því næst gengið til dagskrár sbr. 6. gr. samþykktu Lífeyrissjóðs bankamanna og sbr. framangreinda breytingu.

Röð dagskrárliða var eftirfarandi:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kosning stjórnarmanna.
- 3) Ársreikningur 2019 og fjárfestingarstefnur.
- 4) Tryggingafræðileg athugun.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 7) Önnur mál.
a. Málafni Hlutfallsdeildar

Fyrsti liður dagskrár var skýrsla stjórnar.

Ari Skúlason formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna flutti hana og með leyfi Ara er skýrslan birt hér:

1) Skýrsla stjórnar

„Skýrsla formanns á ársfundi Lífbank 10. júní 2020

Ágætu sjóðfélagar.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Kerfið sjálft er alltaf mikið í umræðunni og margir hafa skoðanir á því hvernig það á að vera, og gildir það ekki síst um stjórnámálamenn. Á síðasta ársfundi kom ég inn á tvennt af því sem gerir íslensku lífeyrissjóðina sérstaka miðað við aðrar þjóðir, stærð kerfisins og svo tryggingarþáttinn. Ég ætla ekki að fjalla mikið um stærðina aftur, íslenska lífeyrissjóðakerfið er mjög stórt á alþjóðlegan mælikvarða og líka mun öflugra en flest önnur kerfi. Hin hliðin því er að stjórnvöld fárra vestrænna ríkja sleppa betur við að eyða peningum í eftirlaun fólks. Í samanburði við nálægar þjóðir er það sérstaklega tvennt sem ríkissjóður sparar sér í útgjöldum hér á landi, það eru lífeyrisgreiðslur til þegnanna og útgjöld til hermála.

Það er hins vegar full ástæða til þess að ítreka enn og aftur tryggingarþátt lífeyriskerfisins okkar. Það gleymist gjarnan í umræðu um lífeyrissjóðina að u.þ.b. fjórðungur af iðgjaldi fer í einhvers konar áfallalífeyri sem flestir þurfa sem betur fer aldrei að nota en kemur sér mjög vel fyrir þá fáu sem lenda í áföllum. Þetta hlutfall er jafnvel enn hærra í sumum sjóðum. Hér munar mest um örorkutrygginguna sem eru stór þáttur í sameignarkerfinu okkar. Í daglegri umræðu spáum við mikið í sameign og séreign og það er mikið horft á erfanleikann. En það má ekki gleyma því hve mikilvægur tryggingarþátturinn er í því kerfi sem við höfum byggt upp. Það eru engar tryggingar í erfanlegri séreign og það er mikilvægt að muna að sameignarkerfin tryggja lífeyri til æviloka og tryggja líka örorkulífeyri til æviloka ef einhver áföll verða snemma á lífsleiðinni auk þess sem þau tryggja barnalífeyri og makalífeyri. Okkur hefur farsælega tekist að blanda öllum þessum leiðum saman til þessa og að hafa áfallatrygginguna með.

Lífeyriskerfið er sífellt í umræðunni. Við heyrum oft hvernig sumir vilja eigna sér það og ráðskast með það, sérstaklega stjórnvöld og svo einstaka lukkuriddarar í verkalýðsförystunni sem vilja beita því í pólitískum tilgangi. Á síðustu árum hafa margoft verið gefnar heimildir af hálfu stjórnvalda til þess að ungt fólk geti tekið út séreignasparnaðinn sinn og eytt honum. Þetta gerðist síðast nú í vor. Stjórnvöld telja svo heimildir af þessu tagi með í umfangi þeirra pakka sem þau segjast vera að gefa fólkinu. Staðreyndin er auðvitað sú að fólk er að nota sína eigin peninga og oft á tíðum er það að greiða hærri skatta af úttektinni en það myndi gera síðar á lífsleiðinni. Ríkið fær hins vegar auknar skatttekjur.

Böndin berast líka ótrúlega oft að lífeyrissjóðunum. Eitt nýjasta dæmið er staða Ícelandair og sú staðreynd að nokkrir lífeyrissjóðir eiga mjög stóran hlut í félaginu. Það gildir reyndar ekki um okkar sjóð. Það er augljóst að eins og staðan er í augnablikinu, er

staðan sú að þessir sjóðir hafa tapað verulegum fjármunum sjóðfélaga vegna stöðu Ícelandair, sem auðvitað kemur niður á ávöxtun ársins. Sumir gera kröfu til þeirra um að leggja fram miklu meiri fjármuni til stuðnings féluginu, á meðan aðrir fullyrða að verið sé að kasta góðum peningum á eftir vondum. Þetta er gott dæmi um þá vandasömu stöðu sem lífeyrissjóðirnir lenda oft í. Þeir þurfa að ávaxta fé sjóðfélaga með sem bestum hætti og þurfa því stundum að taka áhættu og lenda stundum í áföllum. En það má heldur ekki gleyma því að þessir sjóðir hafa fengið verulega góða ávöxtun af eign sinni í Ícelandair á síðustu árum þannig að tjónið er ekki algert. Lífeyrissjóðir þurfa auðvitað að hugsa og starfa í langtímasamhengi, sveiflur einstakra ára jafnast oft en ekki út og það er auðvitað lokaniðurstaðan sem gildir. Stærsta markmiðið er auðvitað alltaf að tryggja hag sjóðfélaga og gera hann sem mestan. Í þessu samabandi er mikilvægast að stjórnir lífeyrissjóðanna fái alltaf frið til að taka sjálfstæða ákvörðun um fjárfestingar án utanaðkomandi þrýstings hagsmunaaðila.

Sem betur fer er okkar sjóður ekki í þessari stöðu. Við höfum alltaf farið varlega, við náum kannski ekki í stærstu vinningana þegar hann er þrefaldur í lottóinu, en yfir lengri tíma erum við alltaf með niðurstöðu sem er vel viðunandi eins og tölur um langtímaávöxtun sína

Við erum lítill lífeyrissjóður. Að meðaltali greiddu 136 sjóðfélagar iðgjöld í Hlutfallsdeild á árinu 2019 og 1.761 í Aldursdeild eða alls 1.897. Greiðandi sjóðfélögum í aldursdeild fækkaði um 62 á árinu, árið á undan fækkaði þeim um 50. Miðað við stærð íslenska lífeyriskerfisins erum við frekar lítill sjóður, númer 13 af 21 starfandi sjóðum í árslok 2019 með hreina eign uppá 84 milljarða króna (innan við 2%).

Á ársfundi sjóðsins 2017 var samþykkt tillaga um að leita eftir samstarfi við aðra sjóði, aðallega til þess að skoða mögulega lækkun rekstrarkostnaðar. Samskipti milli sjóða um samstarf eru vandmeðfarin, m.a. vegna samkeppnissjónarmiða og menn eru mikið á verði gagnvart Samkeppniseftirlitinu.

Fljótlega eftir að áður nefnd tillaga var samþykkt var sent bréf til Samkeppniseftirlitsins með spurningum hvað mætti og hvað ekki í þessum efnum. Svar barst bæði seint og illa. Eftir ítrekanir fengum við loksins svar frá Samkeppniseftirlitinu. Við fórum og hittum Samkeppniseftirlitið og fengum að vita að lífeyrissjóðir mættu sameinast eins og þeir vildu svo lengi sem nýr sjóður væri ekki með meira en 5% markaðshlutdeild, en það er kannski ekki alveg leiðin fyrir okkur að sameinast öðrum álíka sjóði.

Að frumkvæði okkar hittust stjórnarmenn fimm lífeyrissjóða í fyrravetur til þess að ræða lauslega og óformlega um möguleika og áhuga á samstarfi milli þeirra. Viðhorf gagnvart auknu samstarfi voru jákvæð t.d. varðandi óhefðbundnar fjárfestingar og innviðafjárfestingar.

Margt í starfsumhverfi lífeyrissjóða er flókið og þunglamalegt. Við í stjórn sjóðsins höfðum t.d. áhuga á því að skoða möguleika á breytingum á samþykktum í þá átt að leyfa rafrænar kosningar í starfsemi sjóðsins. Það mál reyndist hins vegar flóknara í framkvæmd og viðameira en við reiknuðum með, m.a. vegna flókins regluverks.

Góðir sjóðfélagar

Að mínu mati stöndum við frammi fyrir tveimur – kannski þremur - stórum málum hvað varðar okkur sjálf:

- a) Í fyrsta lagi – hvernig verður framtíð lítils lífeyrissjóðs

- b) Í öðru lagi er það dómsmál Hlutfallsdeildar – þar er stór pakki sem hefur neikvæð áhrif á okkur öll og þarf að leiða til lykta sem allra fyrst.
- c) Í þriðja lagi eru það svo vaxtakjörin sem hafa breyst með þeim hætti á síðustu misserum að sífellt verður erfiðara að ná þeirri ávöxtun sem talin hefur verið ásættanleg fram að þessu.

Ég hef nú þegar rætt um lauslegar athuganir varðandi samstarf við aðra sjóði. Við erum í þeirri stöðu að okkur hefur fækkað nær stöðugt á síðustu árum í samræmi við fækkun starfsfólks í fjármálakerfinu. Sameining Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans kann að tefja þá þróun eitthvað, en líklegasta sviðsmyndin er að fækkun í greininni haldi áfram, t.d. í samræmi við aukna netbankaþjónustu og aukna sjálfvirkni. Stjórn sjóðsins þarf því að íhuga gaumgæfilega hver sé hagstæðasta framtíðin fyrir sjóðinn og hvernig sé með sem bestum hætti hægt að tryggja hag sjóðfélaga sem best. Þetta er ein af stærstu spurningum næstu ára. Það vekur þó athygli að stærðarhagkvæmni virðist lítil meðal lífeyrissjóða og er Lífeyrissjóður bankamanna með lægra kostnaðarhlutfall en margir mun stærri sjóðir.

Málarekstur vegna Hlutfallsdeildar

Eitt af stærri málum okkar á undanförunum misserum er dómsmálið gagnvart aðildarfélögum sjóðsins og ríkissjóði. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sjóðsins reyndist ekki vilji til viðræðna og samninga um málið hjá aðildarfyrirtækjunum og ríkinu og því höfðaði sjóðurinn dómsmál til að freista þess að rétta hlut sjóðfélaga Hlutfallsdeildar.

Þátt fyrir að kröfurnar í málinu séu einfaldar og byggja á nákvæmri matsgerð dómskvadds matsmanns um bætur er málið mjög flókið í lögfræðilegu tilliti. Við erum í rauninni að reka málið sem réttlætismál, ætlum að reyna að fá dómsúrskurð um að eðlilegt sé að breyta ósanngjörnum samningi í sanngjarnari átt (byggt á 36. grein samningalaga).

Í september 2018 birti Lífeyrissjóður bankamanna aðildarfélögum Hlutfallsdeildar og Íslenska ríkinu stefnu þar sem sjóðurinn taldi að samkomulag í tengslum við uppgjör ábyrgðar á skuldbindingum árið 1997 hafi verið ósanngjarn, forsendur þess hafi brostið og aðildarfélögin og ríkissjóður hefðu auðgast með óréttmætum hætti á kostnað sjóðsins og sjóðfélaga. Stefnan var svo þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í október 2018, fyrir næstum tveimur árum.

Eins og kunnugt er byggir málflutningur sjóðsins á því að veruleg frávik hafi orðið frá forsendum samkomulagsins og fjárhagsleg áhrif þess verulega óhagstæð fyrir sjóðinn. Þessi forsendubrestur var staðfestur með matsgerð dómskvadds matsmanns í október 2017 sem mat umfang hans á um 5,4 milljarða króna í lok árs 2015 m.v. þróun verðlags. Dómkröfur byggja að verulegu leyti á þessari matsgerð og er gerð krafa um að samkomulaginu frá 1997 sé breytt og viðbótargreiðsla að fjárhæð 5,4 milljarðar króna verði innt af hendi. Auk þess er gerð krafa um að ábyrgð aðila á skuldbindingum deildarinnar verði endurvakin.

Á síðasta ársfundi vorum við í erfiðri stöðu hvað málið varðar eftir að Héraðsdómur hafði úrskurðað að vísa skyldi stórum hluta málsins frá að kröfu gagnaðila okkar. Við kærðum þá niðurstöðu til Landsréttar og þar var ákvörðun Héraðsdóms snúið við og frávisunakröfum gagnaðila hafnað. Eftir það var ljóst að málið færi til efnismeðferðar. Rekstur dómsmálsins hefur haldið áfram fyrir Héraðsdómi og við erum enn að vona að málflutningur fari fram á síðari hluta árs 2020.

Ríkið borgar fyrir alla

Talan sem ég nefndi áðan, 5,4 milljarðar miðað við verðlag 2015 er ekki há miðað við þá tugi og þau hundruð milljarða sem skipta um hendur þessar vikurnar í því skrytna ástandi sem við upplifum um þessar mundir.

Þáttur íslenska ríkisins í þessu máli er ekki lítill, en ríkið hefur alfarið neitað að taka ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum fyrrverandi starfsmanna sinna sem störfuðu í ríkisbönkunum á sínum tíma. Ríkissjóður vílaði reyndar ekki fyrir sér að taka fulla ábyrgð á greiðslum lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands og maka þeirra þegar Landsbankinn hf. tók yfir innlenda starfsemi gamla bankans í október 2008. Við höfum horft á ríkissjóð moka milljörðum í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna þegar komið hefur í ljós að þeir eiga ekki fyrir skuldbindingum. Það gildir bæði um gamla kerfið og einnig það nýja sem átti að verða sjálfbært eins og aldursdeildin okkar. Þar á bæ dettur engum í hug að skerða réttindi eins og við höfum þurft þurfum að gera í tvígang, ríkissjóður kemur alltaf til hjálpar.

Það sem færri vita er að ríkissjóður Íslands hefur á undanförunum árum yfirtekið lífeyrisskuldbindingar fjölda stofnana og lögaðila sem honum var að mínu mati ekki skylt að gera. Þarna er um tugmilljarða upphæðir að ræða (samkvæmt gögnum sem við höfum fengið frá ríkislögmanni fæ ég ekki betur séð að þetta séu 32 milljarðar sem ríkissjóður hefur tekið á sig). Þarna er um ýmsar stofnanir að ræða eins og Reykjarlund, Hrafnistu, SÁÁ og Heilsustofnun Náttúruvæðingafélagsins. Mest stingur þó í augu yfirtaka ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum vegna Bændasamtakanna, en þar var um að ræða 4,8 milljarða króna yfirtöku skuldbindinga. Okkar krafa gagnvart öllum málsaðilum er upp á 5,4 milljarða á verðlagi ársins 2015, og henni er algerlega hafnað af öllum. Í lok árs 2018 ákvað ríkissjóður hins vegar bara si svona að yfirtaka skuldbindingu vegna bændasamtakanna upp á 4,8 milljarða. Þarna má spyrja hver sé Jón og hver sé séra Jón. Þarna sést líka glögglega hvaða augum ráðamenn líta á skuldbindingar gagnvart sumum fyrri starfsmönnum sínum í ríkisbönkunum miðað við ýmsa aðra. Bankastjórnarnir fengu auðvitað allt sitt á hreint, en ekki almennir starfsmenn bankanna, og meira að segja bændur fá sitt líka. Hér er augljóst á hvern hallar.

Efnismeðferð í málinu hófst fyrir Héraðsdómi í september í fyrra og hefur þokast hægt sökum fjölmargra óska um gagnaöflun af hálfu gagnaðila sem virðist ekki hafa hafist fyrir alvöru fyrr en frávísunarkröfum var hafnað í Landsrétti. Sum aðildarfélaganna og Íslenska ríkið hafa farið fram á matsbeiðnir um hitt og þetta og stundum virðist manni að þessir aðilar skilji ekki um hvað málið snýst. Það er erfitt að verjast svona töfum enda hafa aðilar almennt talsvert svigrúm til öflunar gagna á eigin kostnað. Ágreiningur um matsbeiðnir getur kallað á sérstakan málflutning líkt og við fengum að kynnast við okkar matsgerð. Okkar aðferð er að vera þolinmóð, malda í móinn og reyna að koma dómáranum í skilning um að margt af því sem beðið er um bæti litlu við það sem þegar er komið fram. Ekki er hægt að útiloka að við þurfum að bregðast við þegar matsgerðir liggja fyrir en vonandi styttest í að dómari geti lýst gagnaöflun lokið þannig að málflutningur geti farið fram. Bjartsýnustu spár gera ráð fyrir niðurstöðu öðru hvorum megin við næstu áramót. Það er hins vegar nokkuð víst að úrskurði verður áfrýjað, hver sem niðurstaðan verður og það kallar á nokkra mánuði í viðbót.

Stjórn sjóðsins hefur gert ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði með svipuðu sniði á allra næstu misserum í umhverfi mjög lágra vaxta og versnandi ávöxtunarkjara. Vaxtakjör eru orðin þannig hér á landi að sífellt erfiðara er orðið að ná þeirri ávöxtun sem hefur verið markmið og talin ásættanleg. Við erum að því leyti að nálgast þá stöðu sem lífeyrissjóðir í nágrannalöndunum sem hafa starfað í lágvaxtaumhverfi í mörg ár. Dómsmál

Hlutfallsdeildar mun vera ofarlega á dagskrá á næstu mánuðum og í kjölfar þess verður eflaust til skoðunar hvort fýsilegt kunni að vera að sameina deildir sjóðsins að nýju með það að markmiði að treysta rekstur hans. Persónulega tel ég líka tíma til kominn að fara að huga alvarlega að framtíðinni og þar með að huga að sameiningu við annan sjóð eða sjóði.

Niðurlag.

Ég þakka sjóðfélögum, stjórnarmönnum sjóðsins og starfsmönnum kærlega fyrir gott og uppbyggilegt samstarf síðustu ár.

Lífeyrissjóður bankamanna er öflugur og vel rekinn lífeyrissjóður og það er mikilvægt á næstu árum að vanda sérhvert skref sem við tökum til að ná sem mestum ábata fyrir sjóðfélaga.

Ari Skúlason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna“

Þegar Ari hafði lokið máli sínu lagði Hinrik til að umræður um skýrslu stjórnar yrðu teknar á eftir þarnæsta dagskrárlið um ársreikning 2019. Var það samþykkt án athugasemda. Var þá gengið til næsta dagskrárliðar.

2) Kosning stjórnarmanna.

Fyrir fundinum lá að kjósa um þrjá stjórnarmenn til næstu tveggja ára auk þriggja varamanna.

Framboðsfrestur rann út 27. maí sl. og bárust sex framboð til aðalstjórnar innan tilskilins frests. Þá bárust þrjú framboð til varastjórnar. Upplýsingar um frambjóðendur eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „*Frambjóðendur til stjórnar*“ frá 28. maí sl.

Frambjóðendur til aðalstjórnar voru: Ari Skúlason, Arnar Sigurjónsson, Bryndís Sigurðardóttir, Ingólfur Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson og Þóra Valný Yngvadóttir.

Frambjóðendur til varastjórnar voru: Helga Jónsdóttir, Kjartan Jóhannesson og Sigrún Inga Hansen.

Hinrik kynnti fyrirkomulag kosninga og bauð frambjóðendum að kynna sig. Að loknum kynningum frambjóðenda óskaði Hinrik eftir því að sjóðfélagar gengu til kosninga og greiddu atkvæði um aðalmenn og varamenn í þeirri röð sem sjóðfélagar vildu að þeir tækju sæti í aðalstjórn ef til þess kæmi.

Í aðalstjórn voru kjörin: Ari Skúlason, Bryndís Sigurðardóttir og Ingólfur Guðmundsson.

Í varastjórn voru kjörin, í eftirfarandi röð,: Helga Jónsdóttir, Kjartan Jóhannesson og Sigrún Inga Hansen.

Í framhaldinu munu aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins tilnefna þrjá einstaklinga til stjórnarsetu sbr. 2. gr. samþykpta sjóðsins.

3) Ársreikningur 2019 og fjárfestingarstefnur

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2019 ásamt því að hann sýndi glærur til frekari skýringa. Það skal tekið fram að ársreikningur 2019 og glærur fundarins eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2020“.

Fyrst fjallaði Tryggvi um ávöxtunartölur hvorrar deildar fyrir sig á árinu 2019 ásamt þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar. Í máli Tryggva kom fram að hrein nafnávöxtun Hlutfallsdeildar hefði verið 6,6% og raunávöxtun 3,9%. Þá hafi hrein nafnávöxtun Aldursdeildar verið 11,2% og raunávöxtun 8,4%. Kom fram í máli Tryggva að margir aðrir íslenskir lífeyrissjóðir hefðu verið með betri ávöxtun á árinu 2019 en við slíkan samanburð væri mikilvægt að hafa í huga mismunandi áhættustig milli lífeyrissjóða. Þannig væru báðar deildir Lífeyrissjóðs bankamanna e.t.v. varfærnari í fjárfestingum en margir aðrir íslenskir lífeyrissjóðir sem sýndi sig í minni sveiflum í ávöxtun til lengri tíma. Þá nefndi Tryggvi að við samanburð á árangri lífeyrissjóða þyrfti einnig að hafa í huga ólíkar uppgjörsaðferðir sem gætu skekkt samanburð þeirra á milli en þannig væru skuldabréf sjóða t.a.m. ýmist gerð upp á markaðsverði eða á afskrifuðu kostnaðarverði. Lífeyrissjóður bankamanna legði mat á meirihluta skuldabréfa beggja deilda á kaupkröfu ólíkt mörgum öðrum lífeyrissjóðum sem gerðu upp á markaðsverði. Á einstökum árum gæti það skapað mikinn mun eftir því hvaða bókhaldsaðferð er beitt en í tryggingafræðilegu tilliti skipir þessi aðferð ekki máli, en tryggingafræðilega staðan er sú staða sem skiptir aðallega máli.

Næst vék Tryggvi máli sínu að samanburði á langtímaávöxtun milli lífeyrissjóða og birti glæru þess efnis. Í máli Tryggva kom m.a. fram að Lífeyrissjóður bankamanna stæðist ágætlega samanborið við það sem væri að gerast á öðrum bæjum, m.v. þær tölur sem eru aðgengilegar. Þetta væri ánægjulegt með tilliti til þess að Lífeyrissjóður bankamanna væri sjóður sem stefndi að jafnri og góðri langtímaávöxtun með tilliti til þeirrar áhættu sem tekin er.

Þessu næst vék Tryggvi máli sínu að vaxtaumhverfinu á Íslandi og birti glæru þess efnis. Í máli Tryggva kom m.a. fram að vextir væru með lægsta móti sem skapaði áskorun fyrir þá sem fara með ávöxtun fjármuna. Þannig væri nafnávöxtun á markaði ekki í samræmi við ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða til lengri tíma og lífeyrissjóður þyrfti að mæta slíkum aðstæðum með breyttri eignasamsetningu og e.t.v. hærra áhættustigi en allajafna en mæta mætti áhættu með skynsamlegri eignadreifingu. Þetta væri áskorun fyrir alla lífeyrissjóði.

Þá vék Tryggvi máli sínu að þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar Hlutfallsdeildar og Aldursdeildar og sýndi glærur með myndrænni framsetningu. Í máli Tryggva kom m.a. fram að Hlutfallsdeild hefði eðli máls samkvæmt sýnt litlar sveiflur og að meiri sveiflur væru hjá Aldursdeild eins og gera mætti ráð fyrir.

Þessu næst fjallaði Tryggvi um rekstrarkostnað sjóðsins árið 2019 og sýndi glærur með samanburði á rekstrarkostnaði milli lífeyrissjóða. Í máli Tryggva kom m.a. fram að vaxandi kröfur væru gerðar til lífeyrissjóða úr ýmsum áttum sem hefðu áhrif á rekstrarkostnað, s.s. í tengslum við tölvukerfi eða í tengslum við opinbera eftirlitsstarfsemi með sjóðunum, en Lífeyrissjóður bankamanna hefði þrátt fyrir það tekist að halda rekstrarkostnaði í lágmarki að hans mati. Þá nefndi Tryggvi að honum þætti

sérstakt að sjá hversu lítil stærðarhagkvæmni virtist vera milli lífeyrissjóða er varðar rekstrarkostnað, þ.e. að stærri sjóðir skiluðu ekki endilega lægri rekstrarkostnaði.

Þessu næst vék Tryggvi máli sínu að ársreikningi 2019.

Fyrst fjallaði Tryggvi um Hlutfallsdeild og fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2019, sbr. glærur 17-18 og sbr. bls. 12. í ársreikningi 2019. Í máli Tryggva kom m.a. fram að iðgjöld hefðu lækkað nokkuð milli ára eða úr 189.515 m.kr. í 178.565 m.kr., en slík lækkun væri ekki óeðlileg í sjálfu sér þar sem greiðandi sjóðfélögum Hlutfallsdeildar fækkaði. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild var um 39.993 ma.kr. í árslok 2019 samanborið við um 39.907 ma.kr. í árslok 2018, um væri að ræða hækkun milli ára. Rekstrarkostnaður hefði farið hækkandi milli ára en það skýrðist af ýmsum þáttum í ytra umhverfi sjóðsins s.s. samnings tölvutengdum kostnaði og kostnaði vegna opinberrar eftirlitsstarfsemi. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Hlutfallsdeildar í árslok 2019, þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2019 og yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2019. Tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast í glærum fundar bls. 19 – 24 og í ársreikningi 2019 á bls. 13-15.

Næst fjallaði Tryggvi um Aldursdeild og fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2019, sbr. glærur 26-27 og sbr. bls. 31 í ársreikningi 2019. Í máli Tryggva kom m.a. fram að iðgjöld sjóðfélaga hefðu hækkað milli ára eða frá um 1.990 ma. kr. í um 2.009 ma. kr. en það skýrðist m.a. af því að deildin væri ung og fáir sjóðfélagar væru komnir á lífeyri. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Aldursdeild var um 45.117 ma.kr. í árslok 2019 samanborið við um 39.196 ma.kr. í árslok 2018, um væri að ræða nokkra hækkun milli ára og væri deildin komin fram úr Hlutfallsdeild í stærð og myndi sú þróun halda áfram á næstu árum. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Aldursdeildar í árslok 2019, þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2019 og yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2019. Tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast í glærum fundar bls. 28 – 33 og í ársreikningi 2019 á bls. 32-34.

Að lokum benti Tryggvi á ítarlegar skýringar endurskoðanda sem fylgja ársreikningnum fyrir sitt hvora deildina, fyrir Hlutfallsdeild á bls. 16-29 og fyrir Aldursdeild á bls. 35-49.

Þessu næst vék Tryggvi máli sínu að Fjárfestingarstefnum sjóðsins, glærur 37-40.

Í máli Tryggva um fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar kom m.a. fram að breytingar á stefnunni hefðu verið óverulegar síðustu misseri vegna eðlis deildarinnar, þ.e. áfram væri lágt áhættustig sem leiddi til stöðugrar raunávöxtunar. Lögð væri áhersla á fyrirsjáanlegt greiðsluflæði og stöðugleika til að lágmarka áhættu þar sem deildin þolir ekki sveiflur í ávöxtun milli ára. Þá nefndi Tryggvi að vegna vaxtaumhverfis þá þyrfti að skoða samsetningu eigna deildarinnar og e.t.v. yrði einhver færsla fjármuna innan eignasafnsins, t.d. úr innlánnum yfir í trygg skuldabréf stofnana, félaga og sjóða frekar en í ríkispappíra. En þetta þyrfti að skoða vel.

Í máli Tryggva um fjárfestingarstefnu Aldursdeildar kom m.a. fram að stefnan væri varfærin en vegna eðlis hennar væri áhættustig ívið hærra en hjá Hlutfallsdeild. Stærsta breytingin hefði verið sú að hlutfall erlendra verðbréfa í eignasafni hefði hækkað hratt, þrefaldast á fjórum árum, og að líklega verði áframhald á því ef miðað er við aðstæður í ytra umhverfi. Þá nefndi Tryggvi að sjá mætti reginmun á eðli deildanna og fjárfestingarstefnum þeirra þegar skoðaður væri samanburður á eignasamsetningu eignasafna deildanna m.v. 31.12.2019. Tryggvi lauk máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Hinrik steig í pontu og þakkaðir Tryggvi fyrir þessa yfirgripsmiklu umfjöllun.

Hinrik gaf orðið laust til fundarmanna til að bera upp spurningar eða gera athugasemdir við skýrslu stjórnar, ársreikning 2019 og fjárfestingarstefnur. Enginn fundarmanna bað um orðið.

Var þá komið að næsta dagskrárlið sem var tryggingafræðileg athugun.

4) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins, gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins ásamt því að sýna glærur máli sínu til stuðnings. Það skal tekið fram að glærur fundarins eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2020“ og eru glærur Bjarna á bls. 41-47 í glæru skjalinu. Þá skal einnig tekið fram að Tryggingafræðileg úttekt er einnig aðgengileg á bls. 15 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 34 fyrir Aldursdeild.

Í máli Bjarna kom m.a. fram að forsendur tryggingafræðilegrar athugunar 2019 byggðu á reglugerð sem endurnýjuð væri reglulega, eða hlutar hennar. Þær breytingar sem hefðu orðið á forsendum frá athugun 2018 væru þær að lífslíkur sjóðfélaga lífeyrissjóða árin 2010-2014 hefðu verið aðlagðar breytingum á lífslíkum þjóðarinnar frá 2010-2014 til 2014-2018. Nánar um umfjöllun Bjarna vísast til glæra fundarins og til upplýsinga í ársreikningi.

Hinrik þakkaði Bjarna fyrir yfirferð sína og gaf orðið laust fyrir spurningar eða athugasemdir til Bjarna Guðmundssonar um tryggingafræðilega athugun.

Sveinn Sveinsson tók til máls og spurði Bjarna Guðmundsson hvort hann vissi hver staða Hlutfallsdeildar yrði ef stefnufjárhæð yrði greidd í kjölfar dómsmáls.

Bjarni Guðmundsson tók til máls og svaraði því til að líklega yrði staða deildarinnar jákvæð en óljóst væri hvort unnt yrði að taka til baka allar skerðingar sem hafa átt sér stað.

Tryggvi Tryggvason tók til máls og bætti því við að líklega yrði það uppistaðan af skerðingum sem kæmi til baka.

Hinrik tók til máls og gaf orðið laust fyrir frekari spurningar. Enginn fundarmanna óskaði eftir því að taka til máls.

Hinrik lýsti því þá að gleymst hefði að bera ársreikning 2019 upp til samþykktar fundarmanna undir dagskrárliðnum ársreikningur 2019. Með leyfi fundarins bar Hinrik ársreikning 2019 upp til samþykktar. Ársreikningur 2019 var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Engar tillögur lágu fyrir um breytingar á samþykktum og var því komið að næsta dagskrárlið sem var kosning skoðunarmanna.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson yrðu kjörin skoðunarmenn reikninga sjóðsins og var það samþykkt með lófataki. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga hækkun um laun stjórnarmanna úr kr. 85.000.- á mánuði í kr. 90.000.- á mánuði, tvöföld fyrir formann og ein og hálf fyrir varaformann. Laun varamanna hækki úr kr. 45.000.- í kr. 48.000.- fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærri en kr. 90.000 á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik gaf orðið laust um tillöguna um að hækka laun stjórnarmanna og laun varamanna. Enginn bað um orðið. Hinrik bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða. Eitt atkvæði var greitt á móti tillögunni.

Þá lá fyrir fundinum tillaga um að hækka laun skoðunarmanna úr kr. 48.000.- á mánuði í kr. 50.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik gaf orðið laust um tillöguna um að hækka laun skoðunarmanna. Enginn bað um orðið. Hinrik bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7) Önnur mál.

Hinrik gaf Tryggva orðið til að fjalla um stöðu mála hjá Hlutfallsdeild.

Tryggi tók til máls og sagðist hafa gert það að venju síðustu ársfundi að fara yfir stöðu mála hjá Hlutfallsdeild undir liðnum „önnur mál“. Tryggvi sýndi glærur máli sínu til stuðnings og eins og fram hefur komið í þessari fundargerð þá eru glærur fundarins aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2020“. Glærur Tryggva um málefni Hlutfallsdeildar má finna á bls. 52-54 í glæru skjalinu.

Tryggvi fór yfir framvindu málsins og nefndi m.a. að ákveðin kaflaskil hefðu orðið í málinu þann 19. júní 2019 þegar Landsréttur felldi úr gildi frávísunarúrskurð héraðsdóms. Tryggvi lýsti því dómsmálið væri enn yfirstandandi og að staðan á því í dag væri sú að ekki væri enn búið að lýsa gagnaöflun lokið. Nefndi Tryggvi að hann vonaðist til þess að málflutningur yrði fyrir áramót en gera mætti ráð fyrir því að niðurstaða héraðsdóms lægi fyrir fjórum vikum eftir málflutning. Þá væri ekki hægt að útiloka að málinu yrði áfrýjað á næsta dómstig og svo framvegis. Tryggvi nefndi að hann teldi líklegt að endanlegar lyktir málsins myndu sennilega ekki liggja fyrir fyrr en árið 2022. Að lokum kom fram í máli Tryggva að Lífeyrissjóður bankamanna legði mikla orku í þetta

mál, bæði stjórn og starfsfólk sjóðsins enda væri málið afar mikilvægt. Tryggvi þakkaði fyrir sig.

Hinrik tók til máls og gaf orðið laust til fundarmanna til að leggja fram spurningar til Tryggva eða stjórnarmanna. Enginn fundarmaður óskaði eftir því að taka til máls.

Hinrik þakkaði fyrir góða fundarsókn og fundarsetu. Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Fundi var slitið um kl. 19:00. Fundarmenn voru um 60 talsins.

Reykjavík, 25. júní 2020

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Hinrik Greipsson

Pálmi Rögnvaldsson